

Móttökuáætlun Fjölbrotaskólans við Ármúla

Í skólanum stunda fjölmargir nemendur með erlendan bakgrunn nám. Skólinn býður upp á leiðir til að auðvelda þeim að ná árangri í námi til jafns við aðra nemendur skólans.

1. Umsjónarkennarar og námsráðgjafar grunnskóla hverfisins geta pantað kynningartíma fyrir einstaka nemanda eða hóp nemenda hjá kennslustjóra deildarinnar, asta@fa.is. Ef þörf er á túlki sjá grunnskólar alfarið um þann þátt. Kennslustjóri FÁ kynnir það sem í boði er hverju sinni (sérstakir íslenskuáfangar, lífsleikniáfangi, upplýsingatækniáfangar og stuðningur við heimanám). <http://www.fa.is/thjonusta/nybuar/>
2. Nemendur sækja um rafrænt eða á sérstökum umsóknarblöðum skólans.
3. Kennslustjóri fer yfir umsóknir nemenda sem hafa fengið jákvætt svar frá skólanum og velur áfanga sem henta hverjum og einum.
4. Nemendur sem koma beint úr 10. bekk fara saman í lífsleikni og fá þar allar helstu upplýsingar um skólann. Nemendur geta einnig leitað til umsjónar-kennara, kennslustjóra og námsráðgjafa ef þörf er á aðstoð.